**Stjórn KSÍ**

*Reykjavík, 9. febrúar 2023.*

**Efni**: Umsögn stjórnar KSÍ vegna lagabreytingartillögu um hæfi til setu í stjórn KSÍ (Þingskjal 8).

Það er afstaða stjórnar KSÍ að núgildandi ákvæði laga KSÍ um hæfi til setu í stjórn KSÍ hafi verið sett til að tryggja góða stjórnarhætti (good governance). Núgildandi hæfisreglur komu til í kjölfar vinnu starfshóps um stjórnskipulag KSÍ og leiðbeiningar frá UEFA. Í framhaldi hafi þær verið samþykktar sem hluti af heildarbreytingum á lögum KSÍ á ársþingi 2023.

Að mati stjórnar KSÍ stemma hæfisreglur stigu við mögulegum beinum hagsmunaárekstrum. Auk þess eyrnamerkir UEFA tiltekna árlega styrki til aðildarsambanda fyrir það að hafa í gildi reglur um hæfi og hagsmunaárekstra.

Stjórn KSÍ